



11. apríl 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar – Dagny.Alma.Jonasdottir@reykjavik.is
Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um af hverju SORPA eða einstök sveitarfélög hafa ekki skipulagt eða samið um að flytja út sorp til brennslu.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, dags. 8. mars 2023, var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju SORPA eða einstök sveitarfélög eru ekki búin að skipuleggja eða semja um að flytja út sorp til brennslu. Álfsnes er að verða fullnýtt sem urðunarstaður, en er áfram nýtt. Í Evrópu vantar orku og eftirspurn er töluverð eftir úrgangi til brennslu. Félög eins og ÍGF og Terra geta auðveldlega bætt á sig að flytja út sorp til brennslu og þar með létt á urðun á Álfsnesi. Á hverju stendur eiginlega? Nú þarf að að skipuleggja og framkvæma.“

Fyrirspurnin barst SORPU þann 8. mars sl. með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

1. Af hverju [er] SORPA eða einstök sveitarfélög ekki búin að skipuleggja eða semja um að flytja út sorp til brennslu.

SORPA er, eins og aðrir opinberir aðilar, bundin fjölda reglna. Þeirra á meðal eru lagareglur um opinber innkaup. Útflutningur á úrgangi til brennslu erlendis fellur undir reglur um opinber innkaup og því krafa um að bjóða útflutning á umræddum úrgangi úr landi til brennslu innan evrópska efnahagssvæðisins. Heimildir SORPU til að beina úrgangi, með tilheyrandi kostnaði fyrir SORPU, um útflutningsfarvegi einkaaðila eru því takmarkaðar án undangengins útboðs.

SORPA hefur í ljósi þessa hafið útboð á útflutningi á brennanlegum úrgangi. Útboðið var birt á útboðsvef Evrópusambandsins þann 15. mars sl., og gert er ráð fyrir að opna þau boð sem berast þann 25. apríl næstkomandi.¹ Á þeim grundvelli hyggst SORPA hefja útflutning á brennanlegum úrgangi eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.

¹ Útboðið má kynna sér hér: <https://ted.europa.eu/udl?uri=TED:NOTICE:166220-2023:TEXT:EN:HTML&src=0>